

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar, nr. 813/2018.

1. gr.

2. tl. A-liðar. 46. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:
2. *Yfirkjörstjórn*. Þrír fulltrúar og þrír til vara, skv. kosningalögum nr. 112/2021. Kjörstjórnir fara með þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt kosningalögum. Enn fremur kýs bæjarstjórn:
- a) Undirkjörstjórn 1 (Selfoss). Þrír fulltrúar og þrír til vara.
b) Undirkjörstjórn 2 (Selfoss). Þrír fulltrúar og þrír til vara.
c) Undirkjörstjórn 3 (Selfoss). Þrír fulltrúar og þrír til vara.
d) Undirkjörstjórn 4 (Selfoss). Þrír fulltrúar og þrír til vara.
e) Undirkjörstjórn 5 (Selfoss). Þrír fulltrúar og þrír til vara.
f) Undirkjörstjórn 6 (Stokkseyri og póstnúmer 801 utan Tjarnarbyggðar). Þrír fulltrúar og þrír til vara.
g) Undirkjörstjórn 7 (Eyrarbakki og Tjarnarbyggð). Þrír fulltrúar og þrír til vara.

2. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar hefur sett samkvæmt 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast gildi.

Innviðaráðuneytinu, 27. mars 2024.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.